

Birgjastefna vegna öryggis-,heilbrigðis og vinnuumhverfisstefnu



Gildissvið

Allir miðlægir innkaupasamningar Sýnar hf. við birgja (hér eftir félagið).

Inngangur

Þessi stefna kunngerir skyldur birgja í tengslum við heilbrigði, öryggi og vinnuumhverfi og er skipt í fjóra hluta:

A-hluti: almennar kröfur.

B-hluti: sérstakar kröfur fyrir áhættuverk og vöruframboð.

C-hluti: atvikaskýrslugerð.

D-hluti: afleiðingar brota.

Skilgreiningar og túlkun

Í stefnu þessari skulu eftirfarandi orð og orðatiltæki merkja eftirfarandi:

- „Gildandi lög“** skal hafa þá merkingu sem lýst er í viðeigandi samningi félagsins við birgja.
- „Grunnreglur“** merkir reglur sem krefjast þess að eftirfarandi reglum sé fylgt öllum stundum:
- 1) nota ávallt öryggisbelti þegar ferðast er í ökutækjum eða þeim stjórnað.
 - 2) nota ávallt viðeigandi persónuhlífar, öryggistygi og fallvarnarbúnað þegar unnið er í hæð.
 - 3) framkvæma aldrei rafmagnsvinnu á rafmagnstækjum, rafrásam og rafbúnaði án þess að hafa til þess viðeigandi hæfni og vinna samkvæmt reglum.
 - 4) vinna aldrei undir áhrifum efna (áfengis eða lyfja) sem eru ólögleg eða umfram löglegt magn eða þar sem það getur haft áhrif á getu til að vinna verk.
 - 5) nota aldrei síma meðan á akstri stendur og tala aðeins í síma með því að nema staðar eða nota handfrjálsan búnað, og aðeins þegar það er öruggt.

„Alvarlegt atvik“

á við um banaslys, stórslys eða annað alvarlegt tilvik (þar sem tjón eða meiðsli gætu hafa átt sér stað) sem mun eða gæti leitt til óhagstæðra afleiðinga fyrir félagið innan sólarhrings frá því að slíkt slys eða tilvik hefur átt sér stað, þar með talið:

- 1) höfuðkúpu-, hryggjar- eða mjaðmargrindarbrott.
- 2) aflimun handar eða fótleggs, fingra eða taa.
- 3) missi á sjón eða skaða á auga.
- 4) útsetning fyrir kemískum eða lífrænum efnum sem krefjast lækni meðferðar.
- 5) öll önnur lífshættuleg meiðsl.
- 6) meiri háttar atvik sem hafa áhrif á heilbrigði/öryggi, t.a.m. eldur, sprenging, hrun bygginga, hrun lyftibúnaðar eða á byggingarsvæði.
- 7) fall úr yfir þriggja metra hæð.
- 8) veigamikið atvik sem á sér stað á opinberum vettvangi.

„Áhættuverk“

merkir t.d verk sem fela í sér eftirfarandi:

- 1) vinna í lokuðu rými.
- 2) þegar vinna þarf upp fyrir sig/hífangaraðgerðir.
- 3) jarðvinna/smíða- og byggingarvinna.
- 4) vöru- og búnaðaröryggismál.
- 5) vinna í rafsegulsviði.
- 6) rafmagnsvinna.
- 7) vinna í mikilli hæð.
- 8) keyrsla (þar sem það er óaðskiljanlegur hluti verkefnisins).
- 9) uppsetning á vettvangi sem tengist vélbúnaði eða innviðum.
- 10) bygging netkerfis, stjórnun og flutningur innan kerfa (eða vinna við þætti þeirra).
- 11) framleiðslu- og dreifingarferli sem fela í sér heilbrigðis- og öryggisáhættu.
- 12) önnur verk sem félagið flokkar sem áhættuverk (innan skynsamlegra marka og með samþykki birgis).

„ÖHV“

stendur fyrir öryggis, heilbrigðis og vinnuumhverfisstefna.

1. Almennt

Birgir skal:

- 1.1. ábyrgjat að allir þeir starfsmenn sem vinna á hans vegum séu upplýstir um öryggiskröfur og ferla sem eiga að tryggja persónuöryggi áður en þeir hefja störf við einstaka framkvæmdir og verk svo tryggt sé að þeir þekki og fari eftir settum öryggisreglum.
- 1.2. fara að gildandi lögum sem tengjast ÖHV, samb. Vinnuverndarlög 46/1980 og tengdum reglugerðum, stöðlum og byggja á áhættumati verkþátta hverju sinni.
- 1.3. útvega öll nauðsynleg leyfi, heimildir eða tryggingar sem þarf til.
- 1.4. geta sýnt fram á viðeigandi sönnunargögn um hæfni birgis og starfsfólks birgis þegar félagið fer fram á slíkt.
- 1.5. tryggja að starfsfólk birgis hafi aðgang að nægilegri sérfræðiráðgjöf í tengslum við ÖHV.
- 1.6. tilnefna ábyrgðarmann fyrir stjórnun ÖHV sem skal vera ábyrgur fyrir ÖHV öllum stundum.
- 1.7. tryggja að hlutverk og ábyrgð með tilliti til þess hvernig heilbrigði, öryggi og vinnuumhverfi skili sér og sé vel skilgreint alls staðar í fyrirtæki viðkomandi birgis.
- 1.8. tryggja að búnaður sé hannaður, framleiddur, uppsettur, smíðaður, prófaður og vottaður í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og staðla innan greinarinnar.
- 1.9. fylgjast stöðugt með og fara yfir framkvæmd ÖHV og að kröfum í stefnu þessari sé mætt með eftirliti, prófunum og endurskoðun.
- 1.10. tryggja að viðeigandi kerfi og ferli séu til staðar (og notuð á fullnægjandi hátt) til að greina og taka á áhættu varðandi ÖHV með samningnum við félagið).
- 1.11. hafa til staðar tilhögun sem tryggir að birgir og starfsfólk birgis fari eftir stefnu þessari og þeim kröfum sem félagið gæti staðbundið sett fram varðandi ÖHV.
- 1.12. hafa til staðar tilhögun sem tryggir stjórnun áhættu í tengslum við skyldur sínar samkvæmt viðkomandi samningi við félagið.
- 1.13. EKKI undir nokkrum kringumstæðum fella út, hætta við eða breyta verkþáttum eða öryggisferlum samningsins nema í samráði við og með fullu og skriflegu samþykki verkkaupa.
- 1.14. Útvega öll nauðsynleg aðföng vegna persónuöryggis starfsmanna birgis á vegum félagsins við verk ber birgja að leggja til þ.m.t. persónuhlífar, verkfæri og nauðsynlegar vinnuvélar ásamt öllum tilskildum öryggisbúnaði

2. Undirverktakar

Verktaki skal tryggja að allir þættir þessa skjals nái einnig til undirverktaka sinna. Verktaki skal útvega þeim gögn og nauðsynlegar upplýsingar og sjá til þess að undirverktakar hljóti sömu fræðslu varðandi ÖHV og standist sömu kröfur verkkaupa eins og um hans eigin starfsmenn væri að ræða.

3. Þjálfun og hæfni

Birgir skal hafa og viðhalda traustri þjálfunaráætlun varðandi ÖHV fyrir starfsfólk sitt, til að tryggja

að birgir og starfsfólk birgis sé þjálfað til að skila sínum verkefnum á öruggan máta, þar með talið:

- 3.1. viðeigandi þjálfun í öllum verkefnum (á viðeigandi tungumáli og á því formi sem hentar starfsfólki best).
- 3.2. tilhögun sem tryggir að áhættuverk séu aðeins framkvæmd af þjálfuðu og hæfu starfsfólki birgis sem hefur til þess tilskilin réttindi.
- 3.3. umsjón með viðeigandi skráningu um þjálfun sem aðgengileg er félaginu til skoðunar hvenær sem er.

4. Umhverfismál og mannréttindi

Félagið gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Fyrirtækið veitir víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks og rekstur fyrirtækja og stofnana. Félagið tekur hlutverk sitt alvarlega og leggur sig fram um að vera fyrirmynd annarra í ýmsum samfélagsmálum. Félagið fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að vernda umhverfið og sýna starfsfólki sínu, birgjum og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Félagið gerir sömu kröfu til birgja og að þeir geri ekkert sem kann að orka tvímælis hvað þetta samfélagslega hlutverk varðar og að birgjar taki sitt samfélagslega hlutverk alvarlega.

- 4.1. Birgjar skulu ganga vel um náttúruna. Þeir skulu almennt hirða eftir sig rusl, ganga vel um, valda ekki spjöllum við framkvæmdir eins línulagningu, uppgræðslu, húsbyggingar, jarðboranir og slíkt.
- 4.2. Birgjar skulu viðurkenna og virða rétt starfsmanna til félagafrelsis og að þeir eigi rétt á því að semja um kaup og kjör sameiginlega. Birgjar skulu jafnframt tryggja að starfsmenn þeirra gegni starfi sínu án valds eða nauðungar og að þeim sé frjálst að hætta með hæfilegum og lögbundnum fyrirvara.
- 4.3. Birgjum er óheimilt að ráða ólöggráða börn til að framkvæma vinnu sem er hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Birgi skal virða rétt barna til menntunar og almennrar heilsuverndar. Birgjar skulu í það minnsta virða reglur Alþjóðavinnuálagstofnunar um lágmarks aldur barna sem starfsmanna.
- 4.4. Birgjar skulu tryggja að starfsmenn þeirra hafi jöfn tækifæri og jafnan rétt á vinnustað og til starfa án mismununar á grundvelli til dæmis kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahagslegrar stöðu eða félagslegs bakgrunns. Birgjar skulu skapa vinnuumhverfi sem einkennist af jafnrétti, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu.
- 4.5. Birgjar skulu borga starfsmönnum sínum regluleg laun í samræmi við lög.
- 4.6. Birgjar skulu virða alþjóðleg mannréttindi og skapa og viðhalda umhverfi þar sem komið er fram við starfsmenn af virðingu. Birgjar skulu aldrei beita andlegri og/eða líkamlegri misnotkun né hóta slíkrri misnotkun.
- 4.7. Birgjar skulu ávallt beita sér gegn spillingu af hvaða toga sem er, þ.m.t. mútum, fjárkúgun, peningaþvætti og svikum. Birgjar skulu aldrei bjóða, fara fram á, krefjast, veita eða taka við mútum, hvort heldur sem er beint eða óbeint, fyrir sig eða aðra. Ávallt skal viðhafa í viðskiptum; heiðarleika, óhlutdrægni og hlutleysi; sanngirni, staðfestu, kurteisi og fagmennsku. Birgir skal hafa í huga við

öflun aðfanga hjá þriðja aðila; að fara að lögum í tengslum við mútur, spillingu og peningabætti; hvorki gefa, lofa eða bjóða opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning. Birgir skal tilkynna til bærra yfirvalda verði þeir varir við ólöglegt athæfi þessu tengdu.

- 4.8. Birgjar skulu forðast hagsmunaárekstra í viðskiptum sínum við félagið sem fela í sér t.d. aðstæður þar sem fulltrúi birgja, ættingjar hans eða vinir kunna að hafa persónulegan ávinning af viðskiptunum. Birgjar skulu tafarlaust og undantekningalaust tilkynna hugsanlega hagsmunaárekstra til félagsins.

B-hluti – sérstakar kröfur fyrir áhættuverk og vöruframboð.

B-hluti á við svo fremi sem birgir leggur til vörur og/eða þjónustu sem er áhættuverk

5. Áætlun varðandi ÖHV í tengslum við áhættuverk

- 5.1. Birgir skal hafa og viðhalda áætlun varðandi ÖHV í tengslum við áhættuverk fyrir upphaf vinnu (þar sem slík áhættuverk eru unnin), þar sem gerðar eru ráðstafanir varðandi þær hættur sem þau hafa í för með sér. Birgir skal taka á hættum í samræmi við áætlunina.
- 5.2. Birgir skal útvega félaginu eintak af áætluninni ef þess er krafist.

6. Vöru- og búnaðaröryggismál

Birgir skal:

- 6.1. tryggja að ÖHV-hættur í tengslum við starfssvæði, tæki, búnað og efni sem notuð eruð eða aflað af hálfu félagsins séu metnar.
- 6.2. einungis kaupa vörur frá þeim framleiðendum/þeim sem bjóða vöru og þjónustu sem sýna fram á trausta gæðaframleiðslu og tryggja afhendingu/viðhald öruggra vara.
- 6.3. einungis kaupa, útbúa og senda frá sér vörur sem samræmast öryggisstöðlum með því að nota traust ferli sem tryggir að farið sé eftir ákvæðum og viðeigandi öryggiskröfum.
- 6.4. hafa og viðhalda stýringu á öruggri notkun, meðhöndlun, flutningi, viðhaldi og geymslu á vörum.
- 6.5. tryggja að öll tæki og búnaður henti til áætlaðrar notkunar, sé viðhaldið samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, sé kannað/skoðað fyrir notkun og einungis notað af þeim sem hafa hlotið til þess þjálfun, er til þess hæft og hefur til þess tilskilin leyfi.
- 6.6. tryggja að allar öryggiskröfur tengdar vörum séu skjalfestar og innihaldi ferli fyrir innköllun þeirra.
- 6.7. hafa til staðar viðeigandi verkferli fyrir hönnun, framleiðslu, sannprófun og samþykki notendaleiðbeininga til að tryggja að allar nauðsynlegar heilbrigðis- og öryggisupplýsingar, merkingar og viðvaranir séu innifaldar og nógildandi.
- 6.8. tryggja að réttar vörumerkingar/-vottanir séu í gildi og sýnilegar í tengslum við þá notkun sem vörunni er ætluð. Slíkar merkingar/vottanir verða að vera sýnilegar eins og krafist er á vörunni, umbúðum og öllum fylgigögnum. Þar sem vöruvottanir/-tilkynningar eru á ábyrgð annarra aðila (t.a.m. framleiðenda/þeirra sem bjóða vöru og þjónustu), safna saman slíkum vottunum/tilkynningum og gera að hluta skjalfestrar þróunar.
- 6.9. fylgjast með eiginleikum vörunnar í tengslum við galla í vöruöryggi eða tilkynnt atvik þar til varan

er ekki lengur notuð.

- 6.10. grípa til aðgerða til að rannsaka, tilkynna, leiðrétta og afstýra í þeim tilfellum þar sem vörutengt öryggistilvik kemur upp.
- 6.11. tilkynna félaginu ef upp kemur alvarleg hættu sem krefst innköllunar eða brotthvarfs af svæðinu.
- 6.12. hafa verkferli fyrir rannsóknir á vöruöryggi, ráðgefandi tilkynningum og innköllunum.
- 6.13. hafa viðeigandi upplýsingar og leiðbeiningar um uppsetningu, notkun, viðhald, geymslu og förgun vara og koma því áleiðis til endanotenda.
- 6.17. sjá til þess að allar nauðsynlegar leiðbeiningar til endanotenda um rétta og örugga notkun sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

C-hluti – atvikaskýrslugerð

7. Atvikaskýrslugerð og rannsóknir

Birgir skal tryggja:

- 7.1. að öll nauðsynleg ferli séu til staðar til að tilkynna, skrá og rannsaka öll öryggisatvik, þ.m.t. vörugalla.
- 7.2. að starfsfólk birgja séu upplýst um þá ferla sem í gildi eru fyrir skráningar á öryggisatvikum.
- 7.3. að ef alvarlegt öryggisatvik á sér stað sem getur haft bein áhrif á félagið, sé það tilkynnt í samræmi við ferlið „Skýrslugjöf vegna alvarlegs atviks“ eins og útlistað er hér að neðan.
- 7.4. að hann starfi með og styðji félagið í rannsókn á öllum alvarlegum öryggisatvikum.

8. Skýrslugjöf vegna alvarlegs atviks

- 8.1. Öll slys, næstum því slys, hættutilvik eða tjón sem verða vegna starfsemi viðkomandi birgja ber að tilkynna innan 24 stunda frá atvikinu til verkefnastjóra eða öryggisstjóra félagsins á netfangið incident@syn.is sem svo skrá atvikið í atvikaskrá félagsins.
- 8.2. Einnig ber verktaka að tilkynna öll vinnuslys til Vinnueftirlitsins í samræmi við reglur þess sem og í samræmi við 79. og 80. gr. laga nr. 46/1980 laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- 8.3. Birgir skal tryggja að hann afhendi félaginu skýrslu vegna allra alvarlegra atvika með nákvæmum upplýsingum á réttum tíma.
- 8.4. Birgir skal stofna til ítarlegrar rannsóknar á orsökum allra alvarlegra atvika og hvernig forðast skuli að þau eigi sér stað aftur, og afhendi félaginu greinargóða skýrslu innan 15 virkra daga.
- 8.5. Birgir skal vinna með og veita félaginu viðeigandi aðgang og rétt til endurskoðunar á hverju atriði alvarlegs atviks sem og öðrum athafnasvæðum, starfsfólki og skjölum sem nauðsynleg eru til að ljúka ítarlegri rannsókn.

- 8.6. Birgir skal, í þeim tilvikum sem það er framkvæmanlegt, tryggja að vettvangur alvarlegs atviks sé óraskaður fyrir utan nauðsynlegar endurbætur. Geti vettvangurinn ekki haldist nægilega óraskaður skal birgir sjá til þess að fram fari myndatökur og mælingar ásamt nauðsynlegum teikningum og uppdráttum til að greiða fyrir rannsókninni.
- 8.7. Birgir skal sjá til þess að borin séu kennsl á öll vitni að alvarlega atvikinu og að þau séu til staðar til að aðstoða við rannsóknina og skýrslugerðina.

9. Lokaskýrslur

- 9.1. Birgir skal gefa út lokaskýrslu sem inniheldur samantekt yfir eftirfarandi upplýsingar:
- 9.1.1. nýjar upplýsingar um meiðsli og ástand/batahorfur.
- 16.1.1. lýsing á atviki.
- 16.1.2. ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma í veg fyrir að atvik eigi sér stað aftur.
- 16.1.3. niðurstöður og tillögur.
- 16.1.4. bein endurgjöf til að skilja hlið þeirra sem áttu hlut að máli.
- 16.1.5. öll eftirfylgd, stuðningur við fjölskyldumeðlimi, verktaka, ráðgjöf til einstaklinga o.s.frv.
- 9.2. Birgir skal sjá til þess að eftirfarandi fylgiskjöl afhendist ásamt lokaskýrslunni:
- 16.2.1. samningar/verkbeiðnir.
- 16.2.2. öryggisáætlanir/verklýsingar.
- 16.2.3. skrár yfir kynningu og þjálfun.
- 16.2.4. skráning umsjónarmanns á vettvangi, skoðunarskráning og úttektarskráning.

10. Lokafundir

- 10.1. Birgir skal skipuleggja lokafund og tryggja að atvikið hafi verið meðhöndlað á viðeigandi hátt og að birgir hafi skilið glögglega frumorsök atviksins sem átti sér stað og að öllu því sem læra má af atvikinu hafi verið miðlað áfram.
- 10.2. Birgir skal fjalla um eftirfarandi lykilatriði:
- 17.2.1. velferð hins slasaða eða, í tilfalli andláts, velferð fjölskyldu hins látna og samstarfsfólks.
- 17.2.2. hvernig koma skuli í veg fyrir slík atvik í framtíðinni.
- 17.2.3. frumorsök atviksins, þ.m.t. mannlega þáttinn.
- 17.2.4. það sem læra má af öllum atvikum og hvernig því hefur verið miðlað áfram.

D-hluti – afleiðingar brota

11. Samningsbrot

-Brot á öryggisreglum félagsins eða slök frammistaða vegna öryggismála verður ekki liðin. Við alvarleg brot á öryggisreglum áskilur félagið sér rétt, ef slík mál koma upp, til að rifta samningi samstundis eða til að fara fram á að verktaki eða einstakir starfsmenn hans yfirgefi verk eða framkvæmdasvæði.

-Fyrsta brot: Fulltrúi verkkaupa eða verkefnastjóri ræðir við forsvarmenn viðkomandi fyrirtækis og gerir grein fyrir ágalla.

-Annað brot: Skrifleg áminning send viðkomandi fyrirtæki.

-Þriðja brot: Getur leitt til uppsagnar á verksamningi.

